

Stjórn Reykjanesfólkvangs

kt. 581280-0419

Borgartúni 10-12 – 105 Reykjavík

Fundur í Stjórn Reykjanesfólkvangs 16. des. 2013.

Fundur haldinn kl. 16.00 í Tindstöðum Borgartúni 12-14

Mættir: Sverrir Bollason, formaður, Kristín María Birgisdóttir, Helena Mjöll Jóhannsdóttir, Þorvaldur Örn Árnason, Kristján Pálsson, Pálmi F. Randversson og Janus Arn Guðmundsson. Einnig sátu fundinn Ólafur A. Jónsson og Þórólfur Jónsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Skýrsla landvarðar.

Lögð fram skýrsla landvarðar. Óskar Sævarsson kom á fundinn fór yfir starf sumarsins.

2. Stjórnun Reykjanesfólkvangs.

Rætt um stjórnun fólkvangsins og fyrirkomulag. Formaður reifaði þá hugmynd að land Voga við Höskuldarvelli bættist við fólkvanginn og hugsanlega tæki Garðabær yfir sinn hluta.

Fólkvanginum yrði þá stýrt af Grindavík, Hafnarfirði og Vogum, sveitarfélögum sem ættu land í fólkvanginum. Drög að stjórnunaráætlun myndi geta nýst áfram en aðgerðir í fólkvanginum tengdar við þróun jarðvangs sem Grindavík hefur unnið að.

Það kom þó skýr vilji fram á fundinum að vinna frekar að því að halda núverandi sveitarfélögum inn í stjórn fólkvangsins.

3. Samstarfsamningur

Rætt um þörf á að gera samstarfssamning.

Næsti fundur er áætlaður í Grindavík 17. jan. 2014.

Fundi slitið 18:40